



Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá Sveitarfélaginu Hornafirði 2025

1. gr.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði fá afslátt af fasteignaskatti af samþykktu íbúðarhúsnæði, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í sveitarfélaginu sem búa í eigin íbúð og:

- a. eru 67 ára við upphaf álagningarárs, eða eldri
- b. hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.
- c. hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði.
- d. hafa ekki fullvinnandi einstakling / einstaklinga, aðra en maka búsetta á heimilinu.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til **allra skattskyldra** tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs, samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk árið 2025 eru sem hér segir:

Einstaklingar

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að	kr. 6.181.657
Engan afslátt með tekjur yfir	kr. 7.577.358

Hjón og samskattað sambýlisfólk

Fullur afsláttur skv. 4. gr. með tekjur allt að	kr. 8.596.364
Engan afslátt með tekjur yfir	kr. 10.021.047

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur

Einstaklingar:

Tekjur allt að: Afsláttur af fasteignaskatti:

6.181.657	100%
6.705.961	75%
7.160.603	50%
7.577.358	25%

Hjón/sambýlisfólk:

Tekjur allt að: Afsláttur af fasteignaskatti:

8.596.364	100%
9.199.153	75%
9.620.205	50%
10.021.047	25%

6. gr.

Afsláttur skv. þeim reglum sem ofan greinir er reiknaður við álagningu fasteignaskatts og er byggður á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur.

7. gr.

Tekjumörk og hámark afsláttar hækkar skv. launavísitölu í *nóvember* ár hvert, fyrir næsta ár.